

## Dans - Borgarleikhúsið

# Um tilgang, kraft og ofbeldi

Verk nr. 1 \*\*\*\*-

Eftir Steinunni Ketilsdóttur í samvinnu við dansara Íslenska dansflokksins.  
Tónlist: Áskell Harðarson. Lýsing: Björn Bergsteinn Guðmundsson. Búningar:  
Alexía Rós Gylfadóttir.

Eftir Steinunni Ketilsdóttur í samvinnu við dansara Íslenska dansflokksins. Tónlist: Áskell Harðarson. Lýsing: Björn Bergsteinn Guðmundsson. Búningar: Alexía Rós Gylfadóttir. Dansarar: Elín Signý Weywadt Ragnarsdóttir, Erna Gunnarsdóttir, Ernesto Camilo Aldazabal Valdes, Félix Urbina Alejandre, Inga Maren Rúnarsdóttir, Sigurður Andrean Sigurgeirsson, Sólbjört Sigurðardóttir, Una Björg Bjarnadóttir og Þyri Huld Árnadóttir.

Íslenski dansflokkurinn frumsýndi tvö ný íslensk verk á Nýja sviði Borgarleikhússins síðastliðið laugardagskvöld, sem hluta af alþjóðlegu sviðslistahátíðinni Spectacular. Viðburðurinn ber nafnið Dísablót. Flokkurinn hefur tekið mikilli endurnýjun á þessu ári og það er gaman að sjá mörg ný andlit á sviðinu. Hópurinn vinnur vel saman, dansararnir leggja sig gríðarlega fram, og er augsýnilegt að á milli þeirra ríkir góður skilningur og traust.

Verk nr. 1 eftir Steinunni Ketilsdóttur og dansarana er fyrsta verk í seríu verka sem eru afrakstur tveggja ára rannsóknarvinnu höfundar, sem nefnist EXPRESSIONS: virði og vald væntinga í dansi. Um er að ræða kóreógrafíska listrannsókn þar sem væntingar innan dansins og fyrirframgefnar hugmyndir um dans og möguleika formsins eru í brennipunkti. Verkið er kröftugt, flókið, skemmtilegt og tilefni til mikilla heilabrota. Unnið er með margar hugmyndir, margra spurninga spurt, og klisjur eru afbyggðar og settar í ný samhengi. Framsetningin gefur tilefni til ólíkra túlkana en þó má segja að þetta sé dansverk um dans, um hlutverk dansarans, sem og dansverk um afstöðu og viðmót áhorfandans.

Það er undirliggjandi allt verkið að dansararnir eru skýrt meðvitaðir um nærveru áhorfenda, þeir meðtaka þá og horfa beint á móti, einhvers konar „ég sé þig sjá mig“ og „ég vil það eða vil það ekki“-tilfinning. Þeir vilja að áhorfandinn horfi á þá, hlutgeri þá, og víki sér ekki undan. Spurningarnar sem sitja eftir eru: Hvað er dansari og hvert er hlutverk hans? Er áhorfandinn hugsanalaus neytandi og dansinn og líkami dansarans neysluvara? Hverjar eru væntingar áhorfandans til dansarans og dansins? Verkið spyr þannig pólitískra spurninga sem má yfirfæra á önnur svið.

Tónlist Áskells Harðarsonar spilar stórt hlutverk í heildarupplifuninni en hún er sambland af hústónlist, teknó, raftónlist, og hljóðgervlalíkingum. Tónlistin varð til á æfingum og er því samofin dansinum, hún er límið sem heldur verkinu saman og skapar grípandi andrúmsloft. Hún á í góðu samtali við búningana sem eru frumlegir og fallega litríkir og undirstrika líkamsvöxt dansaranna. Lýsingin er afar falleg og magnar áhrif verksins.


Kóreógrafían er hrein og formföst frekar en flæðandi. Það reynir á einbeitingu og samstillingu dansaranna, og þeir sem hópur standa undir fyllstu kröfum. Verkið hefur yfir sér fútúríska, vélræna stemningu og ákveðna ró, sem kristallast sérstaklega í frammistöðu Ernu Gunnarsdóttur sem er einn af nýjum dönsurum flokksins. Hreyfingar hennar eru áreynslulausar, og hún heldur athygli áhorfandans frá fyrsta augnabliki. Frammistaða og nærvera Sólbjartar Sigurðardóttur var einnig áhrifamikil, en Sólbjört kemur inn í uppfærsluna með aðeins tveggja daga fyrirvara vegna forfalla.

Í verki þar sem einblínt er á listformið sjálf og hlutverk listamannsins er það umhugsunarefni hvort hinn almenni áhorfandi hafi forsendur til að skilja hin fínni blæbrigði í því sem um er fjallað. Það má líka spyrja sig hvort það hefði verið til gagns að einfalda verkið, draga betur fram höfuðþættina og einblína á færri hugmyndir.

Verk nr. 1 fjallar um gífurlega áhugavert efni og verður spennandi að sjá framhaldið. Lengi framan af er verkið eins og þægileg neysluvara, vélrænt og fjarlægt. Í endann verður það þó persónulegra, og við sjáum glitta í innra líf dansaranna. Þetta endurspeglast sérstaklega í lokasólóinu, sem Elín Signý Weywadt Ragnarsdóttir dansar af mikilli list. Þar kemur fram nýtt sjónarhorn á heim verksins, formfestan hverfur og við sjáum undir yfirborðið. Við erum skilin eftir með óþægilega tilfinningu og stingandi sorg, sem og spurningar um manneskjur og dans.

Pottþétt myrkur er lokakaflinn í fjórleik um myrkrið og berskjöldun mannlíkamans eftir Ernu Ómarsdóttur, Valdimar Jóhannsson og dansara Íd. Verkið hefst í rétt svo nægri birtu til að hægt sé að greina form ótal svartra mannlíkama sem ferðast um rýmið eins og svart haf. Hápunkti er náð í ljóðrænum fossi líkama, sem er eftirminnileg mynd. Búningarnir virka vel þarna, verurnar eru samtengdir líkamar, dúkka og dansari, og minna á sálufélaga-skrímsli Platós. Það er heimsendastemming yfir senunni, hún er frumleg og í anda danshöfundarins. Nálgunin gefur áhorfandanum tækifæri til að upplifa dans á annan hátt, og einblína á formin og hreyfingarnar.

Myndlíking verksins á líklega að vera sú, að við höfum öll einhvers konar draug eða djöful að draga, sem við losnum aldrei við. Það getur verið óöryggi, þunglyndi, kvíði, ástarsorg, ofbeldissamband, fíkn, sjúkdómur, væntingar eða öll heimsins helvíti. Áhorfendum er frjálst að túlka. Einnig er hægt að tengja verkið við átök okkar tíma þar sem gröftur samfélagsins er að brjótast upp á yfirborðið.



Að lokum þessa áhrifamikla inngangs umbreytist allt andrúmsloftið. Það birtir á sviðinu, andlit dansaranna koma í ljós, tónlistin hækkar, og dansararnir verða ógnandi og hreyfingarnar hrottafullar. Birtunni er teft á móti myrkrinu og stemning ofbeldis tekur völdin. Hvað hefur eiginlega gerst, og hvers vegna? Til þess að svona umbreyting geti virkað verður að vera innistæða fyrir henni, eitthvað í aðdragandanum sem gefur til kynna framhaldið. Því er því miður ekki að skipta í þessu tilfelli, bara tilgangslaus hávaði og hamagangur og aldrei gefið neitt eftir. Jú, reyndar verður stemningsbreyting þegar dansararnir birtast í sínum eigin hversdagsfötum, gefa frá sér kokhljóð og leika einhvers konar dýr eða uppvakninga, sem minnir helst á risaeðlur. Ætlunin er óljós, á þetta að vera fyndið eða óþægilegt? Búningavalið er einnig torskilið, eiga dansararnir núna að vera þeir sjálfir í eigin fötum?

Tónlist Sigur Rósar og Valdimars Jóhannssonar er mjög ágeng og hvöss, og áhorfandinn fær aldrei pásu. Þetta er samfelldur hljóðmassi, aldrei þagnir eða rólegri augnablik, til að geta síðan sprengt allt upp á nýtt. Hún er þannig plássfrek og yfirgnæfandi og má spyrja sig hvort hún hafi verið rétta valið fyrir þetta verk.

Maður spyr sig líka hver sé ástæðan fyrir því að gera verk með svona miklu ofbeldi. Það getur fengið á áhorfendur líkamlega að horfa á dansarana fleygja dúkkunum og hver öðrum um sviðið, og getur haft öfug áhrif við það sem ætlað er, orðið tilgerðarlegt og pirrandi. Í lokin er nýtt efni kynnt til sögunnar, svartar konfetti bombur og flöktandi strobe-ljós sem er klisjukennt og bætir engu við.

Sjálfsgagt er það ætlun höfunda að spyrja spurninga um valdbeitingu, hlutgervingu og notkun á manneskjum – þessir tveir pólar, að vera sá sem beitir valdinu og vera sá sem er beittur valdinu. Að keyra á tryllingslegri orku eða gefast upp í örmögnun. Að vera fastur í fangi annars afls eða annarrar manneskju, algjörlega undir hennar valdi. Að hata djöfulinn sinn en geta ekki lifað án hans. Allt er þetta spennandi og verðugt efni fyrir dans, en það hvernig svo hugmyndin er framkvæmd, stöðugt af sömu þungu orku og án þess að setja í annað samhengi, verður fljótt þreytandi og jaðrar við tilgerð þegar upp er staðið. Það einfaldlega vantar dýpt til að kveikja í áhorfendum. Hér hefði þurft að huga betur að dramatúrgíu, tempói og tónlist – og stytta. Hins vegar er það krafturinn, færnin, einbeitnin og traustið hjá dönsurunum sem heldur verkinu uppi.

*Nína Hjálmarsdóttir*